hvað? hvar? hvenær?

SEPTEMBER

19 20 21 **22** 23 24 25

Mánudagur

LEIKLIST

☐ 20.00 **Grease** í **Borgarleikhúsinu**.

SKEMMTANIR

☐ 21.00 **Bubbi Morthens** mætir með gítarinn í **Dalabúð Búðardal** í tónleikaröðinni 1000 kossa nótt.

Besti bitinn í bænum



ARTHÚR KARLSSON

Það er Gullnesti uppi í Grafarvogi. Þar er hægt að kaupa skemmtilega „sjabbí“ hamborgara. Þennan stað uppgötvaði ég í gamla daga þegar maður var enn í því að sækja kærustuna upp í Grafarvog. Þá keyrði maður svo oft framhjá að einn daginn ákvað ég að kíkja inn,“ segir Arthúr Karlsson úr Djúpu lauginni og útvarpsmaður á Radíó Reykjavík.

MYNDLIST

Á mörkum draums og vöku

Vögguvísur eru ekki allar þar sem þær eru séðar, segja þau Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, sem voru að opna sýningu í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu nú um helgina. Innsetning þeirra nefnist Vögguvísur.

„Þegar vögguvísur eru skoðaðar nánar sér maður að í þeim koma oft fyrir einhver dýr eða hættur sem þarf að varast,“ segir Bryndís.

Þau Bryndís og Mark búa í Skotlandi en hafa ferðast mikið um norðurslóðir og sækja þangað efnivið í listsköpun sína.


Samband mannsins við náttúruna leikur stórt hlutverk í verkum þeirra, eins og strax kemur í ljós þegar innsetning þeirra í Hafnarhúsinu er skoðuð.

Sterkur ilmur af grasi mætir sýningargestum um leið og inn er komið og notaleg stemning myndast líkt og maður sé staddur í útilegu.

Mark tekur fram að þau séu ekkert endilega að reyna að koma náttúrunni til skila eins og hún er í raun og veru, heldur eins og hún er í höfðinu á fólki sem er mótað af menningunni.

Útilegustemningin er notaleg ekki síður en ástandið milli svefns og vöku þegar börn heyra vögguvísur sungnar fyrir sig. Í þessu notalega ástandi leynast undarlegar skepnur og óvæntar hættur, sem auðvelt er að gleyma.

Undanfarin ár hafa þau Mark og Bryndís unnið mikið saman. Verkin verða til í samvinnu og á sýningum titla þau sig sameiginlega höfund þeirra.



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

BRYNDÍS SNÆBJÖRNSDÓTTIR OG MARK WILSON
Vögguvísur nefnist innsetning þeirra í Listasafni Reykjavíkur.

„Það er mjög gott að vinna svona. Hvort okkar er höfundurinn hættir að skipta máli,“ segir Bryndís.

Bryndís hefur ekki sýnt mikið hér á landi undanfarið. Það er ekki vegna þess að ég vilji það ekki, tekur hún fram brosandi. Það hefur bara æxlast þannig.

Hún hefur alla tíð haldið því til streitu að nota nafnið sitt, Snæbjörnsdóttir, þótt útlendingar eigi vægast sagt í vandræðum með að ná tökum á því. „En það er að byrja að skila sér núna. Þeir eru farnir að muna eftir mér vegna þess einmitt hve nafnið er erfitt.“

gudsteinn@frettabladid.is



THE THRILLS
Sveitasælan er komin alla leið í þriðja sæti rokkstöðvarinnar.

Topp 20 listinn

TOPP 20 - X-IÐ977 - VIKA 38

1	Muse	**STOCKHOLM SYNDROME**
2	Marilyn Manson	**THE NEW SHIT**
3	The Thrills	**BIG SUR**
4	Coldplay	**GOD PUT A SMILE UPON...**
5	Limp Bizkit	**EAT YOU ALIVE**
6	Hot Hot Heat	**NO NOT NOW**
7	Murderdolls	**WHITE WEDDING**
8	Good Charlotte	**LIFESTYLES OF THE RICH...**
9	Audioslave	**SHOW ME**
10	Metallica	**FRANTIC**
11	Botnleðja	**BROKO**
12	Black Rebel Motorcycle Club	**TAKE 'EM ON YOUR OWN**
13	Kings of Leon	**MOLLY'S CHAMBERS**
14	A Perfect Circle	**WEAK & POWERLESS**
15	All American Rejects	**SWING**
16	Rancid	**FALL BACK DOWN**
17	Deftones	**BLOODY CAPE**
18	Evanescence	**GOING UNDER**
19	Flint	**AIM 4**
20	Iron Maiden	**WILDEST DREAMS**

L&L
með ólífuolíu


Strípalingur á nektarnýlendu kærður fyrir líkamsárás

Í vikunni kom upp undarlegt dómsmál í Vín í Austurríki. Þannig er mál með vexti að maður sem hafði verið gestur á nektarnýlenduströnd í Lobau-héraðinu nálægt Vín kærði tvo strípalinga fyrir líkamsárás. Hann hafði nefnilega verið kýldur af manni sem fór fram á það að hann færi úr sundskýlu sinni, með þeim afleiðingum að kinnbein hans brotnaði.

Árásamennirnir höfðu tekið eftir því að einn maður á nýlendunni spriklaði út í vatnið í sundskýlunni. Þetta fór mikið í taugarnar á strípalingunum sem gengu upp að sundskýlumanninum þegar hann kom upp úr eftir sundsprettinn. Þeir sögðu honum að nú ætluðu þeir sér að taka hann úr skýlunni þar sem hann væri staddur á nektarnýlendu.

Sundskýlumaðurinn brást hinn versti við og gaf öðrum þeirra á kjammann. Þá brást hinn strípalingurinn við með því að gefa honum rothögg á kinnbeinið, sem gaf sig. Maðurinn hentist aftur í vatnið með látum. Síðar þurfti hann að fara í skurðaðgerð vegna atviksins, sem átti sér stað fyrir tveimur árum síðan. Í síðustu viku lagði hann svo inn kæru og eru dómsyfirvöld í Vín að velta því fyrir sér hvort hægt sé að kæra strípalinginn eður ei. ■

Skrýtna fréttin



NEKTARNÝLENDA
Þetta póstkort er frá árinu 1935. Ekki er annað að sjá en þessir strípalingar séu til friðs.

Til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein

Opið hús

Samhjálp kvenna verður með Opið hús í Skógarhlíð 8, húsi Krabbameinsfélagsins, þriðjudaginn 23. september 2003, kl. 20.00.

Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður fjallar um stöðu kvenna í múhameðstrúaarríkjum, m.a. þegar veikindi ber að höndum.

Stjórnin.

